



Fjölbrautaskóli Vesturlands

ENS2EV05-2 Námsáætlun, vorönn 2017

Kennari:

Tinna Steindórsdóttir

Netfang:

tinna@fva.is

Námsgögn:

- New Headway (4th ed) Advanced Student's Book
- The Curious Incident of the Dog in the Night-time by Mark Haddon
- Hefti með smásögum (fæst í bóksölu)
- Ýmislegt mynd- og hlustunarefni frá kennara
- Mappa undir verkefni og þ.h.

Lýsing:

Kennsla fer að mestu fram á ensku. Nemendur vinna verkefni kennslubókarinnar í kennslustundum og heima, ýmist hver í sínu lagi eða með öðrum. Farið verður markvisst í ritun, m.a. rökfærsluritgerðir. Skáldsagan er rædd í svokölluðum bókmenntahópum og verkefnum skilað vikulega. Nemendur taka 3 kaflapróf á önninni.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Kröfur áfangans samsvara hæfnisþrepi B1-B2 í Evrópska tungumálaráttum. Í áfanganum er lögð áhersla á að þjálfar grunnþætti tungumálanáms, þ.e. lestur, tal, ritun og hlustun.

Nemandi skal hafa aflað sér aukinnar þekkingar og skilnings á

- lestri fjölbreyttra texta, m.a. úr fjölmiðlum;
- völdum kvikmyndum og bókmenntatextum;
- uppbyggingu ritunarverkefna;
- munnlegri og skriflegri tjáningu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skoða texta og kvikmyndir m.t.t. sögusviðs og persóna. Hann skal hafa þjálfast í að beita mismunandi lestraraðferðum á mismunandi texta. Jafnframt skal hann hafa öðlast leikni í að tjá sig munnlega og skriflega á lýtalítili ensku um málefni sem hann hefur kynnt sér.

Nemendur skulu geta notfært sér leikni sína í að taka þátt í skoðanaskiptum og færa rök fyrir máli sínu skriflega og munnlega; skrifað ólíkar tegundir texta, m.a. rökfærsluritgerð um efni sem þeir hafa kynnt sér. Þeir eiga að geta tjáð sig skýrt á góðri ensku formlega og óformlega.

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar	25%
Hlutapróf (x 3)	18%
Munnlegt próf	10%
Ritgerð	10%
Munnleg kynning	10%
The Curious Incident of the Dog in the Night-time	15%
Mappa (ástundun og virkni)	12%



Fjölbrotaskóli Vesturlands

ENS2EV05-2 Námsáætlun, vorönn 2017

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Á vorönn 2017 er áfanginn í E stökki sem þýðir að fram til 8.mars er áfanginn kenndur 4 tíma á viku en upp frá því 3 tíma á viku. Áfanginn telur engu að síður 5 einingar og verður yfirferð námsefnis í samræmi við það – námsefni verður ekki skorið niður heldur er gerð krafa um aukna heimavinnu nemenda.

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávík frá skólasóknarreglu er sérstaklega bent á þetta.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlök.

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemandi ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er lítið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og þá skráist einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig. Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólareglum FVA.

Þurfi nemendur að fara úr kennslustund þá gera þeir það að fengnu leyfi frá kennara. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig.

Sé nemandi útrekað með óútskýrðar fjarvistir og sinni nemandi ekki viðvörunum um að bæta lélega mætingu, áskilur kennari sér rétt til þess að fella nemandann. Tekið er tillit til vottaðra veikinda. Lægri en 85% raunmæting getur leitt til falls í áfanganum.

Við útrekuð brot á einhverju af ofangreindu áskilur kennari sér rétt til þess að fella nemandann.

Nemendum er velkomið að hafa samband við kennara hvenær sem er ef eitthvað er óljóst varðandi fyrirkomulag áfangans, verkefnavinnu o.s.frv. Öllum pósti er svarað. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.